

Fimmtudaginn 21. nóvember 1991.

Nr. 454/1991. **Gerpír sf.**

gegn

Kristjáni Wendel.

Kærumál. Frestur veittur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. október 1991 samkvæmt heimild í j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur frá 15. október 1991 í bæjarþingsmálinu nr. 993/1990, Gerpír sf. gegn Kristjáni Wendel. Úrskurðurinn er án forsendna, en úrskurðarorð er svohljóðandi: „Málinu er frestað til 3. febrúar 1992.“

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að aðalflutningur málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skuli ákveðinn án tafar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili gerir þær kröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að úrskurður bæjarþings verði staðfestur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Héraðsdómarinn, Sigurður T. Magnússon, fulltrúi yfirborgardómara, hefur sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður fyrir hinum kærða úrskurði, og segir hann þar meðal annars:

„Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 17. september 1991, var bæjarþingsmálinu frestað til 15. október 1991, og segir í forsendum dómsins: „Rétt er að ákveða Kristjáni Wendel frest til 15. október nk. til að leggja fram yfirmatsbeiðni eða gagnkröfu í málinu“. Stefndi lagði fram yfirmatsbeiðni í þinghaldi 15. október 1991, og voru fjórir matsmenn, þeir Björn Björnsson húsasmíðameistari, Bárður Danielsson verkfræðingur og arkitekt, Vífill Oddsson verkfræðingur og Þorsteinn Helgason prófessor, dómkvaddir til að framkvæma yfirmat í samræmi við framlagða yfirmatsbeiðni.

Af hálfu stefnanda voru gerðar athugasemdir við yfirmatsbeiðnina, matsspurningar, forsendur matsins og andlag þess. Ekki var þess þó krafist, að synjað yrði um dómkvaðningu matsmanna.

Dómari málsins hefur margboðist til að leiðbeina stefnda, sem er ólöglaerður, m.a. um frágang yfirmatsbeiðni. Stefndi hefur aðeins að litlu leyti nýtt sér þau boð. Stefndi ber ábyrgð á málatilbúnaði sínum, og þótti yfirmatsbeiðnin ekki svo gölluð, að synja bæri um dómkvaðningu samkvæmt henni, án kröfu.

Með vísan til dóms Hæstaréttar frá 17. september sl. þykir rétt, að stefnda gefist ekki aðeins ráðrúm til að leggja fram yfirmatsbeiðni, heldur einnig hæfilegur frestur til að afla yfirmatsins. Eins og yfirmatsbeiðni er úr garði gerð, fer ekki hjá því, að störf matsmanna verði vandasöm og tímafrek, og þótti ekki rétt að sníða matsmönnum þrengri tímamörk en til 3. febrúar 1992 til að ljúka yfirmatinu. Verða aðilar boðaðir til þinghalds í málinu þann dag til framlagningar yfirmatsgerðar.“

Frávísunarkröfu sína kveðst varnaraðili byggja á því, að þegar hafi verið dæmt í Hæstarétti, þ.e. með dómnum 17. september sl., er fyrr getur, að hann skuli fá hæfilegan frest til að leggja fram yfirmat. Á þetta verður ekki fallist.

Lögmaður sóknaraðila hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann telur, að með yfirmatsbeiðni varnaraðila sé ekki nema að litlu leyti verið að afla gagna um meinta galla á íbúð þeirri, sem mál þetta snýst um. Fáir matsbeiðnin ekki samrýmt grundvallarreglum laga, sbr. meginákvæði 66. - 69. gr., sbr. 136. og 137. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Sé dómkvaðningin ekki gild. Þá hafi varnaraðili þegar fengið nóga fresti til að koma að vörnum í málinu.

Hér fyrir dómi er deilt um það, hvort varnaraðili skuli fá frest til að leggja fram yfirmatsgerð í bæjarþingsmáli. Dómkvaðning fór fram 15. fyrra mánaðar, og eru ekki efni til, að í þessu kærumáli verði fjallað um einstök atriði í matsbeiðni eða gildi dómkvaðningarinnar, sem ekki hefur verið kærð sérstaklega. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.